

## Fundargerð 189. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

<b>Fundarstaður:</b>	Þingborg
<b>Fundardagur:</b>	Mánudagur 26. júní 2017
<b>Fundartími:</b>	15:00 – 17:00
<b>Fundarmenn:</b>	Árni Eiríksson oddviti Margrét Jónsdóttir Svanhvít Hermannsdóttir Sigurbára Rúnarsdóttir Rósa Matthíasdóttir Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Samþykkt að við útsenda dagskrá bætist fundargerð NOS frá 15. júní og erindi Samgöngustofu umsögn sveitarstjórnar um staðsetningu ökutækjaleigu. Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### Skipulagsmál:

#### 1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 136, dags. 22.06.2017

##### a) Vatnsendi: Alifuglabú: Deiliskipulag – 1508012

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 1. júní 2017, móttekið 15. júní, varðandi deiliskipulag alifuglabús í landi Vatnsenda þar sem gerðar eru nokkrar athugasemdir við tillöguna. Þá er jafnframt lagt fram bréf umsækjenda dags. 20. júní 2017 þar sem fram koma viðbrögð við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

*Að mati Skipulagsnefndar er öllum athugasemdum Skipulagsstofnunar svarað í ofangreindu bréfi umsækjenda. Mælir nefndin með að sveitarstjórn geri rökstuðning þess að sínum og óski eftir að Skipulagsstofnun taki deiliskipulagið til afgreiðslu að nýju.*

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

##### b) Sæholt: Dalbær: Deiliskipulag – 1706045

Lögð fram umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar dags. 14. júní 2017, f.h. landeigenda Dalbæjar lnr. 165468 um deiliskipulag nýs lögbýlis á 25,4 ha svæði. Gert er ráð fyrir að lögbýlið fái heitið Sæholt. Fram kemur að hámarksbyggingarmagn innan afmarkaðs byggingarreits sé 5.000 fm.

*Þar sem ekki er gert ráð fyrir nýju lögbýli á þessum stað í gildandi deiliskipulagi telur skipulagsnefnd að fyrst þurfi að kynna lýsingu deiliskipulags skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Er mælt með að sveitarstjórn samþykki að fela skipulagsfulltrúa að kynna lýsingu byggt á fyrirbyggjandi gögnum og í kjölfarið kynna deiliskipulagstillögu í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Leita þarf umsagnar Vegagerðarinnar, Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

##### c) Dalbær lnr. 165468: Sæholt: Stofnun lóðar – 1706046

Lögð fram umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar dags. 14. júní 2017, f.h. landeigenda Dalbæjar lnr. 165468, um stofnun 25,4 ha spildu úr Dalbæ. Gert er ráð fyrir að stofnað verði lögbýli á landinu.

*Ekki er gerð athugasemd við stofnun landsins með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar á aðkomu að landinu. Þá er ekki gerð athugasemd við landskipti*

skv. 13. gr. jarðarlaga. Er þetta með fyrirvara um að hnit séu í samræmi við nýsamþykktan uppdrátt af landi Dalbæjar.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**d) Ásahraun lnr. 178801: Gistihús fyrir ferðamenn: Fyrirspurn/grenndarkynning – 1702030**

Lagður fram tölvupóstur Guðna Torfa Áskelssonar dags. 7. júní 2017 þar sem óskað er eftir heimild til að byggja eitt gestahús í viðbót á landinu Ásahraun lnr. 178801. Áður hafði verið samþykkt, á grundvelli grenndarkynningar, að byggja eitt hús. Að mati skipulagsnefndar hafa forsendur frá fyrri afgreiðslu nefndarinnar ekki breytst og hafnar hún erindinu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**e) Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög við afmörkun lóða orku- og veitufyrirtækja innan Þjóðlendna – 1706042**

Lögð fram til kynningar drög að leiðarvísi fyrir sveitarfélög við afmörkun lóða fyrir orku- og veitufyrirtæki. Hefur leiðarvísirinn verið unninn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við forsætisráðuneytið auk þess sem fulltrúar frá Samtökum orkusveitarfélaga, Þjóðskrá og Skipulagsstofnun hafa komið að vinnunni.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirleggjandi drög að leiðarvísi og mælir með að farið verði í að útbúa lóðablöð fyrir virkjanir innan svæðisins í samræmi við þau.*

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**f) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17 – 56 - 1704006F**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 7. júní 2017.

**2. Tilboð í endurnýjun á skanna og ljósritunarvél**

Lögð fram tilboð frá þremur aðilum. Afgreiðslu frestað.

**3. Jafningjafraeðsla fyrir ungmennahópa úr 8. - 10. bekk**

Sveitarfélagið Árborg í samvinnu við „Hitt húsið“ bjóða upp á jafningjafraeðslu á Suðurlandi. Fræðslan er fyrir ungmennahópa úr 8. – 10. bekk. Gert er ráð fyrir ½ - 1 degi og er í fræðslunni farið í alls kyns leiki, ýmist til að þjappa hópum saman, auka einbeitingu og opna umræður. Umræður geta verið um hvað sem er, s.s. sjálfsmynd, geðheilbrigði, fjármálalæsi, o.fl. og er markmiðið að fræðslan fari fram á jafningjagrundvelli og allir læri hver af öðrum.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að upplýsa Ungmennaráð um verkefnið og bjóða Vinnuskóla Flóahrepps að taka þátt í því.

**4. Sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi**

Lögð fram til fyrri umræðu sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir engar athugasemdir við samþykktina og samþykkir að vísa fyrirleggjandi tillögu til síðari umræðu.

**5. Fundargerðir:**

**a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 188, dags. 14.06.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**b) Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings nr. 22, dags. 20.06.2017**

Fundargerðin ásamt greiningu á þörf fyrir íbúarhúsnæði lögð fram til kynningar.

**c) Héraðsnefndar Árnessýslu nr. 10. dags. 04.05.2017**

Eftirfarandi tillaga skv. lið 6 í fundargerðinni, þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar. Flóahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku

Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 44.000.000 kr. til 7 ára, í samræmi við skilmála láns til ársins 2024 með föstum verðtryggðum vöxtum eins og þeir verða á þeim tíma sem lánið er tekið. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnassýslu. Flóahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýrri slökkvibifreið sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Flóahreppur skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnassýslu til að breyta ekki ákvæði samþykktu Brunavarna Árnassýslu sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila. Fari svo að Flóahreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnassýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur Flóahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta. Jafnframt er Eydísí Þ. Indriðadóttur kt. 070560-2759 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Flóahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.

Samþykkt með 5 atkvæðum

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

**d) Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 850, dags. 19.05.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**e) NOS dags. 15.06.2017.**

Skóla- og velferðarþjónustan hefur tekið á leigu nýtt húsnæði fyrir starfstöð sína að Fljótsmörk 2 í Hveragerði. Leigusamningur gildir í 10 ár.

Liður nr. 1 í fundargerð NOS „Nýtt húsnæði við Fljótsmörk 2 í Hveragerði“ þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Gera þarf breytingar á húsnæðinu sem samræmast þörfum starfseminnar. Tillaga að breytingum á nýju leiguhúsnæði fyrir starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnassýslu og áætlun um kostnað vegna þeirra eru meðfylgjandi fundargerðinni. Hlutdeild Flóahrepps í kostnaði er 1.058.000 kr. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillöguna með 5 atkvæðum og vísar kostnaði af þeim til viðauka II.

**6. Efni til kynningar:**

**a) Minnispunktar fundar með starfsmönnum Vatnsveitu og Tæknisviðs**

**b) Bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps – umsögn um aðalskipulag Flóahrepps - án athugasemda**

**c) Hringtorg við Skeiðavegamót – orðsending nr. 1 vegna erindis til Vegagerðarinnar á Selfossi**

Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar hugmyndum um hringtorg á þessum vegamótum, með þessari framkvæmd má auka öryggi vegfarenda

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**d) Frá Mennta og menningarmálaráðuneytinu - Eftirfylgni með umbótaáætlun Krakkaborgar**

**e) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga - Ný persónuverndarlöggjöf**

**f) Ársreikningur og ársskýrsla Fræðslunetsins**

**g) Gamla Þingborg – viðgerðir**

**7. Önnur mál:**

**a) Umsögn sveitarstjórnar um staðsetningu ökutækjaleigu**

Lögð fram umsókn Samgöngustofu um umsögn sveitarstjórnar skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 65/2015 um ökutækjaleigur, vegna umsóknar Sigurðar Grétarssonar f.h. hönd Gos rent ehf. kt. 631116-0940 um að reka ökutækjaleigu að Skyggnisholti, 801 Selfoss. Sótt er um leyfi fyrir 2 ökutækjum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við leyfisveitinguna með fyrirvara um að samþykki ábúenda í Skyggnisholti liggi fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson oddviti (sign)

Margrét Jónsdóttur (sign)

Svanhvít Hermannsdóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)